

# Varúðarreglur um lausafjárlutfall og gjaldeyrisjöfnuð

Varúðarreglum (e. prudential regulation) á fjármálamarkaði er almennt ætlað að stuðla að öruggum og traustum starfsháttum í fjármálapjónustu. Hugtakið er nokkuð víðtækt þar sem það nær m.a. til reglna sem kveða á um kröfur um stjórnunarhætti í fjármálfyrirtækjum og greiðsluhæfni þeirra, neytendavernd og skilvirktni innra og ytra eftirlit með starfsemi þeirra. Í víðtaekum skilningi er varúðarreglum einnig ætlað að stuðla að stöðugleika í fjármála- og hagkerfinu. Samkvæmt lögum setur Seðlabanki Íslands reglur um lausafjárlutfall lánastofnana og um gjaldeyrisjöfnuð. Aðrar varúðarreglur á fjármálamarkaði eru ýmist bundnar í lögum, settar af ráðherra eða af Fjármálaeftirlitinu.<sup>1</sup> Meginefni reglnanna um lausafjárlutfall og gjaldeyrisjöfnuð er sem hér segir:

## Lausafjárlutfall

Lausafjárlutfall lánastofnana má skilgreina sem hlutfallið á milli lausafjárkrafna og lausafjárskuldbindinga. Í reglum nr. 905 frá 27. desember 1999, sbr. 12. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, er kveðið á um lausafjárlutfall lánastofnana. Markmið reglnanna er að tryggja að lánastofnanir eigi ávallt nægt laust fé til að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili. Þeim er skyldt að senda Seðlabanka Íslands mánaðarlega sérstaka skýrslu um upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi á lausafjárlutfallinu. Tegundir krafna og skuldbindinga sem falla undir útreikninginn eru flokkaðar eftir því hversu langur tími líður þar til að þær falla í gjalddaga eða hversu auðvelt er að breyta þeim í laust fé. Þá er tilgreint hversu hátt hlutfall í hverjum flokki er tekið með í útreikninginn. Allur sjóður lánastofnunar telst þannig til lausafjárkrafna en einungis 5% af yfirdráttarlánnum, svo að dæmi sé tekið. Hlutfallið er reiknað út

1. Sjá vefsíður viðskiptaráðuneytisins (<http://www.stjr.is/interpro/ivr/ivr.nsf/pages/log>) og Fjármálaeftirlitsins (<http://www.fme.is/fme.nsf/pages/index.html>).

fyrir fjögur tímabil, þ.e. til eins mánaðar, frá einum til þriggja mánaða, frá þremur til sex mánaða og frá sex til tólf mánaða. Hlutfall krafna og skuldbindinga sem falla í gjalddaga eða breyta má í laust fé innan þriggja mánaða skal eigi vera lægra en 1. Takist lánaстofnun ekki að uppfylla kröfur um lausafjárlutfall til þriggja mánaða kveða reglurnar á um viðurlög í formi vanskilavaxta á þær fjárhædir sem á vantart. Lánastofnanir skulu gera grein fyrir lausafjárlutföllum fyrir önnur tímabil þótt ekki séu gerðar kröfur til sérstakra hlutfalla í þeim efnum.

## Gjaldeyrisjöfnuður

Gjaldeyrisjöfnuð lánastofnunar má skilgreina sem mismun á gengisbundnum eignum og skuldbindingum innan og utan efnahagsreiknings. Gjaldeyrisjöfnuður er því mælikvarði á gjaldeyrisáhættu lánastofnunar. Í reglum nr. 421 frá 1. júlí 1997, sbr. 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, er kveðið á um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti. Markmiðið með reglunum er að takmarka gengisáhættu með því að koma í veg fyrir að gjaldeyrisjöfnuður fari fram úr tilteknunum mörkum. Reglurnar kveða á um tvennis konar mörk í þessum efnum. Þau fyrri lúta að opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum. Hún má hvorki vera jákvæð (gnöttstaða) né neikvæð (skortstaða) um meira en nemur 15% af eigin fé í upphafi árs. Undantekning er þó gerð að því er varðar Bandaríkjadal þar sem mörkin eru 20%. Þau seinni lúta að heildargjaldeyrisstöðu í öllum gjaldmiðlum, umreiknaðri í íslenskar krónur, sem er summan af opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum myntum. Hún má hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en 30% af eigin fé í upphafi árs. Lánastofnunum er gert að skila Seðlabankanum reglulega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuðinn. Fari jöfnuðurinn fram úr ofangreindum mörkum skulu lánastofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann og er þeim veittur þriggja daga frestur til að ná leyfilegum mörkum á ný.